



Hugmyndir að námi tengdu umhverfinu og Göngum í skólann

Eftirfarandi hugmyndir er tilvalið að nota við útikennslu.

Biðjið börnin um að fara í minnisleik tengdan göngu þeirra í skólann. Teljið hlutina og athugið hvort þau muna eftir þeim þegar í skólann er komið.

Biðjið nemendur um að taka og skrásetja viðtöl við aðra sem ganga í skólann.

Látið nemendur fylgjast með dýrum í umhverfi sínu á leið í skólann og teikna þau þegar í skólann er komið.

Nemendur bera kennsl á blóm og trjágróður á leiðinni.

Láta nemendur bera saman á einfaldan hátt hversu dugleg þau eru að komast með eigin afli í skólann: Látið nemendur teikna tré án laufa. Hægt er að gera eitt stórt tré fyrir allan bekkinn eða eitt tré fyrir hvern nemanda. Í hvert sinn sem barnið gengur eða hjólar alla leiðina í skólann fær það grænt laufblað til að setja á tréð sitt og bekkjarins. Gangi þau eða hjóli hluta leiðarinnar eða koma með strætó fá þau gult laufblað. Þeir sem keyrðir eru í skólann fá brúnt laufblað.

Berið tré barnanna saman að nokkrum viknum liðnum. Hver er með grænasta tréð!?

Samstarfsaðilar



Heimili og skóli
Landssamtök foreldra

